

## Stefna Reykjavíkurborgar

*Heilsueflandi skólar er heildræn hugmyndafræði um heilsueflingu í skólastarfi sem auðveldar skólum að innleiða grunnþátt menntunar um heilbrigði og velferð með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og nær samfélags.*

Vogaskóli sem starfsstöð á Skóla- og frístundasviði borgarinnar er samkvæmt undirskrifuðu samkomulagi borgarinnar og Landlæknisembættis þátttakandi í þessu verkefni sem *Heilsueflandi Grunnskóli* og vinnur samkvæmt leiðbeiningum frá þessum stofnunum.

Það þýðir að við sem störfum í skólasamfélaginu eigum að vinna saman að því að gera skólann að góðum vinnustað fyrir alla sem í honum starfa.

Í framhaldi af þessu samþykkti Borgarráð Reykjavíkur að Þjónustumiðstöðvar borgarinnar skuli leiða heilsueflingarstarf innan hverfa.

Forvarnarteymi þjónustumiðstöðvar Laugardals - Háaleitis og bústaða vann í kjölfarið aðgerðaráætlun fyrir 2016-18 um forvarnir í þessum hverfum. Hún miðar að því að hverfin verði fjölskylduvæn og að íbúar eigi heilsueflandi samfélag þar sem fólki líður vel. Að íbúar fái hvatningu til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, taki þátt í félagslífi sem eflir jákvæða sjálfsmynd og þeir búi við örugg lífskjör. Áætlunin miðar að því að allir aldurshópar búi við öruggt og uppbyggilegt nær umhverfi.

Samkvæmt samþykkt Þjónustumiðstöðva er áherslan á fjóra megin þætti í forvarnaráætluninni:

*Næring - Hreyfing - Líðan og Lífsstíll* á þessu skólaári er áherslan á **Líðan**.

Skólinn er nú, samkvæmt undirskrift borgaryfirvalda við Landlæknisembætti, þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli*.

Við sem skólasamfélag erum einnig þátttakendur í *Grænum skrefum* borgarinnar.

Okkar framlag í þessum verkefnum byggir á leiðbeiningum frá þessum stofnunum og að sjálfsögðu á því að við séum sammála um að vinna að þessum verkefnum saman og stefna í sömu átt.